



LÖGREGLAN

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Fjárlaganefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 13. maí 2024.

Efni: : Umsögn Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035. mál. - Áhrif aðhaldskröfu á rekstur.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi til fjármálaáætlunar 2025-2029 er gert ráð fyrir um 2% aðhaldskröfu á málaflokk löggæslu. Fyrir embættið þýðir það um 155 m.kr. lækkun á 7.747 m.kr. rekstrarframlögum fjárlaga yfirstandandi árs. Hlutfall launa af rekstrarfé er um 84% en 16% fara í lögreglubúnað og -bifreiðar, húsnæði og aðra nauðsynlega rekstrarliði. Hlutfallið hjá embættinu er hærra en almennt gengur og gerist hjá stofnunum ríkisins. Vegna þess er ekki mikið svigrúm fyrir hagræðingu í öðrum rekstrarþáttum en launum. Almennt telur embættið gagnlegt að þurfa að endurskoða reglulega hvað megi betur fara og reynir eftir fremsta megni að nýta betur þann fjárlagaramma sem því er settur. Aðhaldskröfur hafa hins vegar þveröfug áhrif á stofnanir sem búa við hátt hlutfall launa af rekstrarfé. Til að tryggja störf og þjónustu í aðhaldsaðgerðum þarf embættið að draga úr þáttum sem er ætlað að betrumbæta verkferla og innleiða tækninýjungar til að auka framleiðni til lengri tíma.

Minnisblaði þessu er ætlað að rekja hvaða áhrif embættið telur að fyrirlögð aðhaldskrafa í fjármálaáætlun 2025-2029 muni hafa á framleiðni í rekstri, árangur í rannsóknum og öryggi við almenning.

Sýnileiki í löggæslu hverfur

Í dag eru að jafnaði 20 lögreglumenn við störf á hverjum degi við almenna löggæslu á öllu höfuðborgarsvæðinu að undanskildum föstu- og laugardags næturvöktum, sem er sami fjöldi og var eingöngu í Reykjavík fyrir sameiningu embættanna árið 2007. Fjölgun íbúa og sérstaklega aukning ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár hefur fjölgað verkefnum lögreglu verulega auk þess sem nýtt viðskiptamódel skipafyrirtækja, með aukinni viðkomu á Íslandi þar sem farþegaskipti eiga sér stað, verða mikil áskorun á þessu ári og næstu árin.

Milli verkefna hafa lögreglumenn í almennri löggæslu reynt að vera almennt sýnilegir á þjónustusvæðinu og myndað þannig tengsl við íbúa svæðisins. Nokkur forvarnarverkefni er tengjast ungmennum standa nú yfir og eru framkvæmd af reynslumeiri lögreglumönnum á vöktum auk annarra sérfræðinga en lögreglan er skilgreind sem þjónustuaðili í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Mikið ákall er frá sveitastjórum að lögreglan sinni virku

TRAUST - FAGMENNSKA - ÖRYGGI

Hverfisgata 115 - 105 Reykjavík - Sími: 444 1000



forvarnarstarfi til að fyrirbyggja ofbeldi er tengist börnum hvort sem þar varðar stafrænt ofbeldi eða annarskonar ofbeldi. Með milliliðalausum samskiptum lögreglu við borgara aukast líkur á að hægt sé að grípa fyrir inn í aðstæður og jafnvel áður en skaðinn er skeður. Aðhaldskrafa mun gera það að verkum að þrengja þarf enn að í mönnun almennrar löggæslu og mun þá sýnileikinn nánast hverfa og fenna yfir það góða forvarnastarf sem nú er verið að sinna.

Aðhaldskrafa dregur úr fyrirsjáanleika í rekstri

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stendur frammi fyrir miklum áskorunum hvað varðar framkvæmd landamæraeftirlits í höfnum umdæmisins komandi sumur. Ræður þar mestu í þróun að seinustu ár hafa skipafélögin keyrt á nýju viðskiptamódeli þar sem Ísland (og þar að mestu Reykjavík) er skilgreint sem fyrsta koma eða síðasta brottför við för yfir ytri landamæri Schengen-samstarfsins. Nýja viðskiptalíkanið kallar þannig á stóraukin verkefni við framkvæmd landamæraeftirlits í höfnum umdæmisins. Til að mæta þessu aukna álagi síðast liðið og komandi sumar hefur embætti fengið tímabundnar styrkingar. Mikilvægt er að koma á varanlegu fyrirkomulagi hvað varðar mönnun og fjárveitingu tengt þessum verkefnum. Aðhaldskrafa mun draga úr getu embættisins til að skipuleggja framkvæmd landamæraeftirlitsins til lengri tíma með festu og hagkvæmni að leiðarljósi.

Dregur úr árangri í rannsóknum

Stór þáttur í rannsóknum, á til að mynda peningabætti og skipulagðri brotastarfsemi, eru forvirkar greiningar og tengslaggreiningar milli brotahópa. Embættið hefur haft það markmið að innleiða greiningar frá sérhæfðu starfsfólki í auknum mæli inn í rannsóknir, enda hafa erlend fordæmi sýnt hvaða langtíma árangri það hefur skilað. Sérhæfðar greiningar umbreyta rannsóknartengdum gögnum yfir í þekkingu og gerir embættinu kleift að taka aðgerðamiðaðar ákvarðanir út frá hlutlægu hagsmunamati um árangur og kostnað. Til að mæta fyrirbyggjandi aðhaldskröfu mun embættið þurfa að setja þau markmið á ís með tilheyrandi langtíma áhrifum á árangur í rannsóknum, einkum rannsóknum á skipulagðri brotastarfsemi.

Uppbygging á þekkingu á netglæpum og rannsóknum á stafrænum gögnum hefur setið á hakanum undanfarin ár. Víða erlendis þar sem embættið þekkir til eru starfræktar deildir sem eingöngu sinna málefnum er tengjast netglæpum (e. Cybercrime centres). Netglæpir eða þættir í rannsókn annarra brota sem kalla á öflun rafrænna gagna hafa vaxið hvað mest undanfarið. Segja má að hefðbundinn brotavettvangur hafi tekið stakkaskiptum síðastliðin ár. Bráðnaudsýnlegt er að efla þekkingu og getu lögreglu í þeim málum. Aðhaldskrafa mun hindra embættið í að viðhalda þeirri þekkingu sem þarf til að geta þjónað brotaþolum á viðunandi hátt í síbreytilegu umhverfi netglæpa.

Einnig má benda á að nýverið fékk embættið styrkingu, í formi fjölgunar um sjö stöðugildi, sem ætlað er að stytta málsmeðferðartíma í kynferðisbrotamálum. Nú þegar er árangur af þeirri



LÖGREGLAN

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

styrkingu orðinn vel sýnilegur. Aðhaldskrafa beint ofan í sérstakar styrkingar sem þessa má líkja við að styrkingin hafði ekki komið til.

Hægari stafræn þróun

Reynslan hefur sýnt okkur að í hvert skipti sem draga þarf saman í rekstrinum eru það verkefni sem ætlað er að bæta verkferla og innleiða tækninýjungar sem eru fyrst tekin af dagskrá. Embættið er á þeirri vegferð að stafræna sem mest þá þjónustu sem það veitir, til að mynda við leyfisveitingar, sektagerðir, þjónustugátt fyrir þolendur kynferðisofbeldis, rafræna gæðahandbók lögreglu, stafræna upplýsingagjöf út á við og fleira. Embætti hefur einnig innleitt notkun þjarka og talgervla til að spara embættinu handtökin við vinnslu og frágang mála. Aðhaldskrafan mun gera embættinu verulega erfitt fyrir að halda í við þá þróun sem ætlast er til af nútíma þjónustustofnunum hvað varðar stafræna þjónustu.

Að lokum

Embættið metur það svo að aðhaldskrafa hafi neikvæð áhrif á framtíðarárangur og framleiðni embættisins. Lagt er til að fyrirhöfð aðhaldskrafa á löggæslu í fjármálaáætlun 2025-2029 verði endurhugsuð með langtímamarkmið í löggæslu í huga.

Mikilvægt er að lögregla tryggi öryggi og veiti bestu þjónustu sem möguleg er á hverjum tíma í samræmi við það hlutverk sem henni er falið. Það er mat embættisins að bæta þurfi verulega við stöðugildi hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til að mæta þeim kröfum sem samfélagið gerir til lögreglu auk þeirra krafna sem koma fram í lögum, fyrirmælum ríkissaksóknara og þeim áhersluatriðum sem fram koma í stefnuskjölum stjórnvalda um starfsemi lögreglu, þ. á m., löggæsluáætlun. Hið minnsta þarf að tryggja óbreytt ástand án frekari aðhaldskrafna.

Virðingarfyllst,

Halla Bergþóra Björnsdóttir,
lögreglustjóri.

TRAUST - FAGMENNSKA - ÖRYGGI

Hverfisgata 115 - 105 Reykjavík - Sími: 444 1000